

Fyrirspurn

til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um ráðstefnuna Stokkhólmur+50.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hvaða markmið hefur ríkisstjórnin sett sér varðandi niðurstöðu ráðstefnunnar Stokkhólmur+50, sem Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna hefur boðað til í júní?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að ráðstefnan beini tilmælum til aðildarríkja um að:
 - a. þau vinni í átt að alþjóðlegu banni við olíuleit og olíuvinnslu,
 - b. haldið verði samræmt bókhald um þær jarðefnaeldsneytisauðlindir sem vitað er um, og hversu mikil hætta sé á að olíu- eða gasvinnsla hefjist á þeim svæðum, eða
 - c. vistmorð verði viðurkennt sem brot á alþjóðalögum?

Skriflegt svar óskast.